

**Auglýsing
um breytingu á gjaldskrá nr. 1356/2018
fyrir hundahald í Hveragerðisbæ**

1. gr.

1. grein gjaldskrárinnar orðist svo:

Peir sem fá heimild til að halda hund, sbr. 2. gr. samþykktar nr. 555/2007 um hundahald í Hveragerði skulu greiða gjöld sem hér segir:

Skráningargjald	kr. 19.500
Árgjald fyrir hundaleyfi	kr. 19.000

2. gr.

Árgjaldið greiðist fyrirfram fyrir allt tímabilið með gjalddaga 15. febrúar og eindaga 15. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið eigi greitt í síðasta lagi á eindaga. Veittur er 25% afsláttur ef eigandi hunds hefur farið á námskeið í hundahaldi og 25% afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega.

3. gr.

Auglýsing þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 12. desember 2019 með tilvísun til heimildar í samþykkt um hundahald í Hveragerði nr. 555/2007 staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og tekur nú þegar gildi.

Hveragerði, 12. desember 2019


Aldís Hafsteinsdóttir
bæjarstjóri.

